

## **Umsögn vegna heildarendurskoðunar laga um mat á umhverfisáhrifum.**

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir athugasemdum eða hugmyndum almennings og annarra hagsmunaaðila í tengslum við endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum. Haldinn var fundur á Grand hóteli þann 14. ágúst sl. vegna endurskoðunarinnar þar sem 2 grundvallarspurningar voru skoðaðar.

1. með hvaða hætti er hægt að tryggja sem best lýðræðislega aðkomu almennings, félagasamtaka, og hagsmunaaðila að ferli við mat á umhverfisáhrifum
2. Með hvaða hætti er hægt að auka skilvirkni í ákvarðanatöku við mat á umhverfisáhrifum?

Lög um mat á umhverfisáhrifum geta haft áhrif á undirbúning framkvæmda á þeim svæðum sem matið nær til. Það er því mikilvægt að lögin séu þannig úr garði gerð að þau séu auðskiljanleg og aðgengileg þar sem tilgangur endurskoðunarinnar er einmitt að auka skilvirkni og tryggja aðkomu almennings.

Það þarf einnig að hafa í huga að lögin verði ekki of íþyngjandi til þess eins að auka skilvirkni ferilsins.

Fram hafa komið tillögur um að stytta gildistíma matsskylduákvæðanna og mat á umhverfisáhrifum frá því sem kveðið er á um í gildandi lögum.

Skv. 12. gr. laganna um mat á umhverfisáhrifum skal leyfisveitandi óska eftir ákvörðunar skipulagsstofnunnar um hvort endurtaka þurfi matsferli að hluta eða í heild sinni þegar 10 ár eru liðin frá því að álit þeirrar stofnunnar liggur fyrir án þess að framkvæmdir hafi hafist. Hafa komið fram tillögur um að stytta þennan gildistíma.

Hafa skal í huga að undirbúningstími framkvæmda getur varað um árabil og koma þar til ýmsar ástæður, það þarf að fjármagna framkvæmdir og ekki er ólíklegt að fresta þurfi framkvæmdum eftir að undirbúningur er á veg komin þar sem ekki náðist að fjármagna þær, framkvæmdir geta bæði verið margþættar og þar með undirbúningur þeirra.

Eftir að álit skipulagsstofnunnar liggur fyrir er hægt að gefa út framkvæmdaleyfi sem kæránlegt er til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og getur málsferð tekið eitt ár.



## HAFNARFJÖRÐUR

Úrskurði er hægt að skjóta til dómstóla og geta liðið nokkur ár áður en dómur er kveðinn upp. Álit skipulagsstofnunnar getur einnig haft það í för með sér að grípa þarf til tímafrekra aðgerða t.d. eins og að breyta aðalskipulagi sveitarfélaga.

Það hefur verið bent á að auka þurfi skilvirkni matsins. Með þessu frumvarpi er er alveg ljóst að verði af áformum um styttri gildistíma mats og matskylduákvæðana niður í 5 ár kann sú staða að koma upp að endurtaka þurfi matið með tilheyrandi auka kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Að mati Hafnarfjarðarbæjar þarf endurskoðunin að vera þannig að hún auki skilning almennings á því hvað þessi lög fela í sér og einnig það að þau verði ekki íþyngjandi fyrir framkvæmdir á þeim svæðum sem kalla á mat á umhverfisáhrifum.

Hafnarfjarðarbær tekur undir það sem fram kemur í séráliti sem Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök atvinnulífsins skiluðu inn við gerð frumvarps til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum.

Æskilegast hefði verið að frumvarpið fæli í sér heildarendurskoðun á lögunum og að ekki verði gerðar breytingar á gildistíma umhverfismats fyrir en í þeirri endurskoðun. Er þá miðað við að í þeirri endurskoðun takist að einfalda ferlið umtalsvert.

Einnig er varhugavert að opna fyrir kærufélag án nokkura takmarkana enda getur það haft miklar tafir og kostnað í för með sér.